

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Norður-Brekku, neðri hluta.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 14. september 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norður-Brekku, neðri hluta.

Breytingin tekur til lóðarinnar Helgamagrastrætis 9 og felur í sér stækkun byggingarreits um 3 m til norðurs og 2,5 m til vesturs fyrir bílgeymslu með hámarksvegghæð 3,5 m frá gólfkóta. Nýtingarhlutfall lóðarinnar breytist úr 0,272 í 0,331.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 15. september 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 29. september 2022